



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðakvöldverði
á 100 ára afmæli Hringsins
24. janúar 2004**

Ágætu Hringskonur,
heiðurskonur og valkyrjur á vettvangi velferðar og samhjalpar
heilbrigðisráðherra; góðir gestir

Lord of the Rings er heimsfræg kvikmynd, snilldarleg að gerð og hugmyndaauðgi, birtir okkur undraveröld, sýn á ævintýri, kraftaverk og frækna sigurför.

Já, heimsbyggðin hefur prisað sig sæla að fá að sjá slíkan lávarð hringsins, hringadrottinn; en við Íslendingar erum enn betur settir, höfum í heila öld notið meiri forréttinda.

Við höfum átt hinar margrómuðu Ladies of the Ring, fræknar konur, ekki síðri Lordinum sjálfum, raunar honum fremri í alla staði, hugprúðar og sóknðjarfar, kraftakonur með trú á ævintýrin og láta þau gerast.

Okkar eigin Ladies of the Ring verðskulda svo sannarlega heimsfrægð ekki síður en Lordinn sjálfur. Hringskonur, hundruðum saman hafa látið verkin tala, kraftaverkin, gjafirnar sem Hringurinn hefur fært og þjóðin þakkað, gjafir svo miklar að vöxtum að undrun hefur sætt hvernig Hringskonur hafa náð að safna fjármunum svo ríkulegum.

En þið hafið átt töfrahring ekki síðri undrahing Lordsins sjálfs, töfrahring sem var og er andinn sem Hringskonur hafa borið í brjósti, trúin á ykkur sjálfar og eigin getu, átt kjark, atorku, sjálfstraust og sýn á ævintýrið út við sjóndeildarhringinn, samheldni og systralag. Andinn sem í brjóstum ykkar hefur gert Hringinn að þjóðartákni, vegvísi að velferð og samhjalp, á vissan hátt samvisku þjóðarinnar, valdsmönnum í senn áminning og hjálparhönd; hinir vitru í landstjórninni hafa jafnan séð að það var og er betra að hafa Hringskonur með sér en á móti, hafa þær í sínu liði.

Það er ekki lítið afrek hjá félagsskap sem átti ekki aðra auðlind en hugsjónir kvennanna sem þar komu saman að verða tákni um samvisku heillar þjóðar og vegvísir þeirra sem vilja láta verkin tala.

Hringurinn hefur lifað af allt umrótið sem einkenndi liðna öld.

Flokkar og félög, fyrirtæki og hagsmunasamtök hafa komið og farið. Landvarnarflokkurinn og Heimastjórn, Kveldúlfur og Íslandsbanki Hannesar Hafstein, Dagsbrún og Verkakvennafélagið Framsókn, Tíminn og Alþýðublaðið, Sambandið og Silli og Valdi, Kron og kaupmenn á hornum út um alla borg.

Já, þannig mætti lengi telja langt fram á kvöld, allt er það horfið, sópað burt af tímans hendi, en Hringurinn glóir öflugur sem jafnan áður, stendur af sér öldurót umbreytinganna og jafnvel nú stórtækari en nokkru sinni.

Opnunarhátíð Barnaspítalans fyrir rúmu ári var sannkölluð sigurhátíð Hringskvenna. Stórmannleg nýleg gjöf til barna og unglingsgeðdeildar og höfðinglegt framlag til kaupa á íbúð fyrir aðstandendur langveikra barna eru til vitnis um að Hringurinn er enn að láta að sér kveða svo um munar.

Og þjóðin þakkar og gleðst yfir að eiga ykkur að og þúsundir fjölskyldna hugsa til ykkar með heitu hjarta og minnst þess hvernig tækin og rúmin, aðstaða og aðbúnaður sem þið hafið skapað veittu börnum þeirra heilsu á ný.

Það er erfitt fyrir okkur að skilja til hlítar hvílík ógn berklaveikin var á fyrri öld. Hvíti dauðinn var heitið sem þessi vágestur hlaut og ungt fólk hrundi niður í blóma lífsins. Fátæk og fámenn þjóð var hjálparlaus og örvænti í þessu erfiða stríði.

Þá reisti Hringurinn merki baráttunnar, hóf sókn sem um síðir leiddi til sigurs, vakti þjóðina til vitundar um hvað hægt var að gera, gaf hinum sjúku, fjölskyldum þeirra og vinum nýja von.

Ég þekki vel frá æskuárum hve erfið baráttan við berklana var. Móðir mín dvaldi í rúman áratugi á Vífilsstöðum og Kristneshæli og vinkonur hennar og félagar féllu í valinn hver af öðrum.

Í stríði Íslendinga við hvíta dauðann var Hringurinn sigursveit og við hugsum í kvöld til merkiskvenna sem þá voru í forystunni, hugsjónaríkar baráttukonur sem gerðu Hringinn að þjóðfélagsafli, hugmyndaríkar, óþreytandi, settu á svið leikrit og sungu, buðu á tombólur, tónleika og dansiböll, söfnuðu fé til að hjálpa sjúkum en skópu um leið gleði og fjör í fábrotu bæjarlífi.

Reykjavík var þá í rauninni bara fátækt þorp, niðurníddir timburhjallar í nágrenni við Austurvöll; en Hringurinn gaf bæjarbúum glaðværa trú á kraftaverkin – og hér erum við nú á hátíðarkvöldi með öld að baki í hinni einstæðu Hringskvennasögu okkar Íslendinga; Reykjavík orðin heimsborg, heilbrigðiskerfið vettvangur reksturs sem metinn er í tugum milljarða ári hverju, þjóðin í fremstu röð í veröldinni að velferð, langlífi og lífslíkum barna.

Samt er enn þörf fyrir Hringinn, þörf fyrir hugsjónir ykkar, atorku og aðhaldið sem þið veitið, þörf fyrir að Hringskonur haldi vöku sinni, verði áfram sú rödd sem við hlustum á.

Ég færi ykkur einlæggar heillaóskir íslenskrar þjóðar; þakkir fyrir ykkar einstæðu verk og það er okkur Dorrit mikið gleðiefni að fá að samfagna með ykkur hér í kvöld.

Til hamingju!